

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd

sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 13. apríl 2022

Umsögn um frumvarp till aga um fjarskipti 461. mál, 152. löggjafarþing.

Fjórðungssamband Vestfirðinga þakka beiðni um umsögn um framangreint mál.

Umsögnin byggir á ályktun 66. Fjórðungsþings Vestfjarða um öryggismál á vegum. En segja má að kjarni þeirrar umsagnar sé sú krafa að lagarammi um fjarskipti í landinu tryggji jafnan aðgang allra landsmanna samkeppnishæfum fjarskiptum og gagnaflutningum, hvar sem þeir búa og flutningsgeta og gæði séu uppfærð miðað við bestu tækni hverju sinni. Eins sé tryggt að veg og sjófarendur geti treyst að samband á vegum og á strandsvæðum sé tryggt hvert sem för þeirra er haldið. Lítið dæmi má nefna í þessu samhengi að nú hafa nær öll neyðarskýli á fjallvegum og við sjó verið aflögð og eingöngu treyst á góð fjarskipti.

Ályktun 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, haldið í október 2021.

Öryggismál á vegum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst að hraðað verði uppbyggingu háhraðafjarnets í vegakerfinu og það verði hið sama óháð umferð á vegum þ.e. 30 Mb/s en ekki tímabundið 10 Mb/s. Við þessa aðgerð má ætla að GSM samband batni um leið og dauðir punktar í kerfinu munu hverfa. Oft fer saman aukin áhætta á ferðum um fáfarna vegi fjarri byggð og eða þar sem vetrarveður leiða til lokunar vega eða ofanflóðahættu. Eins verður að telja að minni kröfur til á gæði gagnasambands skapar og falskt öryggi fyrir vegfarendur. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að greiða nú þegar úr þeim vandamálum sem hafa skapast þegar reikisamband virkar ekki á akstri um vegi á Vestfjörðum. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur síðan til að farið verði í úrbætur á útvarpssambandi á vegum og í jarðgöngum enda er hér hluti af öryggiskerfum landsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að koma að málinu á síðari stigum.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri